



FRÉTTABRÉF *Stangaveiði Netaveiði Hafbeit Fiskeldi*
Veidimálastjóri
Veidimálanefnd
Fiskræktarsjóður *Stjórnsýsla og nýtingarstjórnun*

4. árg. 1. Tbl.

Mars 2000

Ársskýrsla 1999

[Inngangur](#) [Fiármál](#) [Stjórnsýsla](#) [Stjórnsýsla í umhverfismálum](#) [Veðieftirlit](#) [Flutningar á hafbeitarfiski](#)
[Heimasíða veiðimálastjóra](#) [Gagnabanki í veiðimálum](#) [Veidimálanefnd / Fiskræktarsjóður](#)
[Fiskeldismál](#) [Fréttabréf á árinu](#) [Fundir og ráðstefnur](#) [Ýmsir fararskiótar í þjónustu veiðimálastjóra](#)

Inngangur

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfsemi embættis veiðimálastjóra á árinu 1999. Helstu þættir starfseminnar samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum eru sem hér segir:

- Stjórnsýsluafgreiðslur og umsagnir, bæði varðandi veiðimál almennt, fiskeldismál og umhverfismál, sem snerta ár og vötn.
- Að halda gagnabanka varðandi veiðimál, fiskeldis- og hafbeitarmál.
- Samræming og útfærsla veiðieftirlits varðandi laxfiska á landsvísu, einkum með ströndum landsins.
- Mæla með setningu reglugerða í veiðimálum og uppfæra eldri reglugerðir.
- Veita almenningi og stjórnvöldum upplýsingar um lög og reglugerðir í veiðimálum, bæði skriflega og munnlega en einnig með miðlun á heimasíðu.
- Hafa samráð við veiðimálanefnd varðandi ýmsa stjórnsýslu veiðimála og fara með málefni Fiskræktarsjóðs í umboði nefndarinnar.

Verður nú vikið að hverjum málflokki og gerð grein fyrir starfsemi innan hans í stuttu máli.

Fjármál

Tafla 1. sýnir helstu þætti í rekstri embættis veiðimálastjóra og tekjupósta. Til rekstrar var varið 15.4 milljónum, þar af 12.6 til stjórnsýsluþátta og 2.8 milljónum til veiðieftirlits. Tekjur embættisins voru að stærstum hluta framlög úr ríkissjóði enda ekki ætlast til að stjórnsýsluáðilar afli tekna með sölu á vöru eða þjónustu. Hinsvegar veitti Fiskræktarsjóður embættinu og Landssambandi veiðifélaga 1.5 milljónir króna til uppsetningar og þróunar á gagnagrunni í veiðimálum. Fjárveitingar hins opinbera til stjórnsýslu í veiðimálum hafa verið takmarkaðar síðan skipulagsbreytingar voru gerðar í málaflokknum 1997, ef frá er talið framlag til veiðieftirlits, sem gjörbreytt hefur aðstöðu í þeim málaflokki. Á móti kemur að nýting fjármagns er að mörgu leyti markvissari og gagnsærri.

Tafla 1. Fjármál embættis veiðimálastjóra	
Útgjöld 1999	
Laun	7.700 þús.
Önnur gjöld	4.900 þús.
Veiðieftirlit	2.800 þús.
Samtals	15.400 þús.
Tekjur 1999	
Tilfærslur	13.900 þús.
Sértekjur	1.500 þús.
Samtals	15.400 þús.

Stjórnsýsla

Helstu stjórnsýsluafgreiðslur embættisins eru sýndar í töflu 2. Eins og þar kemur fram voru skriflega afgreidd erindi á árinu 303, þar af 108 vegna afgreiðslna í veiði- og fiskeldismálum, 55 varðandi umsagnir og afgreiðslur í umhverfismálum, 40 varðandi veiðieftirlit og um 50 tengdar Fiskræktarsjóði. Um 50 styttri erindi og fyrirspurnir voru afgreidd í tölvupósti. Umfang og fyrirhöfn einstaka erinda er að sjálfsögðu mjög breytileg og ekki tók á að gera grein fyrir því hér.

Tafla 2. Stjórnsýsluafgreiðslur í veiði- og fiskeldismálum 1999		
	Fjöldi afgreiðslna	Heildarfjöldi
Veiði- og fiskeldismál		108
Samþykktir veiðifélaga	23	
Undanþágur varðandi veiði og fiskflutning	25	
Ádráttar- og klakleyfi	20	
Erlend samskipti (NASCO, ICES og EIFAC)	25	
Fiskeldismál	15	
Umhverfismál		55

Umsagnir vegna vegagerðar	16	
Umsagnir vegna virkjana	5	
Umsagnir vegna annarra framkvæmda við ár	6	
Heimildir vegna efnis- og malartekju	18	
Heimildir vegna lagfæringa á árn	10	
Veiðieftirlit		40
Fiskræktarsjóður		50
Afgreiðslur í tölvupósti		50
Samtals		303

Helstu afgreiðslur varðandi veiði- og fiskeldismál eru staðfestingar á samþykktum og arðskrár veiðifélaga, ýmsar undanþágur varðandi veiðitíma og fiskflutninga, ádráttar- og klakleyfi auk umsagna og leyfa varðandi rekstur fiskeldisstöðva. Við þetta bætast ýmis skriflega samskipti við erlenda aðila, svo sem Alþjóðalaxaverndarstofnunina (NASCO), Alþjóðahaffransóknaráðið (ICES) og Evrópuráð Sameinuðu Þjóðanna varðandi ferskvatnsveiði (EIFAC).

Í umhverfismálum fara ýmsar afgreiðslur samkvæmt 43. grein laxveiðilaganna varðandi framkvæmdir, malartekju og lagfæringa á árfarvegum mjög vaxandi, sem einnig tengist auknum fjölda umsagna embættisins til framkvæmdaaðila og skipulagsyfirvalda vegna mats á umhverfisáhrifum varðandi vegagerð og virkjanir.

Viðamestu afgreiðslur varðandi veiðieftirlit eru skipunar- og erindisbréf eftirlitsmanna en einnig fara ýmsar umsagnir til opinberra aðila varðandi þennan málaflokk vaxandi vegna aukinnar spennu milli stangaveiðimanna og þeirra aðila sem nýta árnar með netaveiði.

Afgreiðslur vegna málefna Fiskræktarsjóðs eru um 50 en þá er ekki meðtalin mikill fjöldi dreifibréfa, sem sendur er til veiðifélaga og eigenda veiðiréttar vegna innheimtu sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

Til stjórnsýslu telst einnig mikill fjöldi símtala við hagsmunaaðila og almenning vegna upplýsingagjafar í veiðimálum, bæði varðandi túlkun laga og reglugerða en einnig vegna ýmisa hagsmunaaðila bæði innan veiðifélaga og utan. Lögð er áhersla á að einhver starfsmanna embættisins sé til reiðu varðandi slíka upplýsingagjöf, einkum meðan veiði stendur sem hæst yfir sumarið.

Þótt nú séu liðin 3 ár frá því að skilið var á milli stjórnsýslu og rannsóknar í veiðimálum virðist ljóst að misskilnings gættir meðal almennings, hagsmunaaðila og jafnvel innan stjórnsýslunnar varðandi hlutverk og verkaskiptingu milli embættis veiðimálastjóra annarsvegar og Veiðimálastofnunar hinsvegar. Virðist nokkuð ljóst að margir telja að hér sé um sama fyrirtæki að ræða, sem veldur óhagræði fyrir báða aðila og getur orðið uppspretta að kærnum og athugasemdum með tilvísun til stjórnsýslu- og samkeppnislaga. Til að megintilgangi ofan nefndra skipulagsbreytinga sé náð, virðast aðgerðir til að leiðrétta þennan misskilning mjög tímabærar og yrðu báðum aðilum til hagsbóta.

Stjórnsýsla í umhverfismálum

Samkvæmt 39. – 43. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði fer veiðimálastjóri með stjórnsýslu varðandi fiskvegi og önnur mannvirki við ár og vötn. Samkvæmt 43. grein laganna þarf embættið að veita heimild til efnistöku og mannvirkjagerðar í og við veiðivötn. Síðastnefnda ákvæðið kom í lög 1994 og hafa afgreiðslur vegna þess farið ört vaxandi.

Við einfaldari afgreiðslur, sem ekki er talið að hafi áhrif á lífríki veiðivatns, getur embætti veiðimálastjóra afgreitt slík mál án líffræðilegrar úttektar. Í viðameiri málum, einkum ef þau tengjast kærnum eða deilumálum, getur verið bráðnauðsynlegt að fram fari vettvangsrannsókn.

Til að einfalda og flýta þessum ferli hefur verið útbúið sérstakt umsóknaeyðublað, sem hægt er að nálgast á heimasíðu embættisins, og er það sýnt í mynd 1. Þar þarf að tilgreina þær framkvæmdir, sem leitað er samþykkis fyrir, og skila fylgiskjölum varðandi hönnun og umsagnir af ýmsu tagi, sem framkvæmdaaðili kostar. Þessi háttur hefur reynst vel og flýtt verulega fyrir afgreiðslu mála.



Umsóknareyðublað vegna framkvæmda við ár og vötn

samkvæmt 43. grein laga nr.76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum

1. Nafn framkvæmdaaðila: _____

Kennitala: _____ Heimili: _____

Póstfang: _____

2. Nafn veiðivatns: _____

3. Nafn viðkomandi veiðifélags: _____

4. Tegund framkvæmdar (ein eða fleiri):

- | | | |
|---|---|--|
| <input type="checkbox"/> Laxastigi | <input type="checkbox"/> Annars konar fiskvegur | <input type="checkbox"/> Áveitufamkvæmdir |
| <input type="checkbox"/> Malarnám | <input type="checkbox"/> Veiðistaðgerð | <input type="checkbox"/> Veiðigerð á bakka |
| <input type="checkbox"/> Lokun á kvísl | <input type="checkbox"/> Brúargerð | <input type="checkbox"/> Vatnataka |
| <input type="checkbox"/> Aðrar framkvæmdir (eldissöðvar, veiðitjarnir, mengandi búrekstur o.s.frv.) | | |

5. Staðsetning við veiðivatn (yfirlitskort)

6. Lýsing á framkvæmdum: _____

Viðbótar upplýsingar má færa á sér blað

Fylgiskiöl


- Verkfæðilegar teikningar (vegna varanlegra mannvirkja)
- Umsögn sérfræðings varðandi áhrif á líffræði (greiðist af framkvæmdaaðila)
- Umsögn stjórnar veiðifélags, ef það er starfandi
- Umsagnir náttúruverndar ríkisins, þegar hennar er krafist með lögum
- Samþykki landeigenda
- Önnur gögn sem styðja viðkomandi umsókn

Dagsetning: _____

Undirskrift _____


Mynd 1. Umsóknareyðublað vegna framkvæmda við ár og vötn.

Mynd 2 sýnir þann feril, sem að jafnaði hefur verið fylgt, þegar líffræðilegar úttektir eða annarskonar umhverfismöt hafa talist nauðsynleg. Í þeim tilfellum hafa framkvæmdaaðilar leitað eftir og kostað sérfræðiáliti frá Veiðimálastofnun, sem síðan fylgir umsóknareyðublaðinu til embættis veiðimálastjóra. Veiðimálastofnun er í mörgum tilfellum mjög staðkunnug og sérlega hæf til að sinna þessu verkefni en sennilega er ekki hægt að meina öðrum aðilum með fagþekkingu að koma að því verki vegna stjórnsýslu- og samkeppnilaga.



Mynd 2. Erindi um framkvæmdir sem eingöngu tengjast 43.gr. laga um lax og silungsveiði.

Varðandi stærri framkvæmdir, svo sem virkjanir og vegagerð, er embætti veiðimálastjóra lögboðinn umsagnaraðili vegna skýrslu um umhverfismat. Í raun falla slíkar framkvæmdir einnig að ákvæðum 43. greinar laxveiðilaganna en þar sem þær ganga gegnum mun stífari matsferil samkvæmt lögum nr.63/1993 um mat á umhverfisáhrifum, telst fullnægjandi að veiðimálastjóri komi þar að sem umsagnaraðili.



Mynd 3. Erindi vegna matsskyldra framkvæmda við ár og vötn (Lög nr. 63/1993)

Mynd 3 sýnir þann feril, sem að jafnaði hefur verið fylgt varðandi matsskyldar framkvæmdir við ár og vötn og er inntak hans sem hér segir:

- Framkvæmdaaðili leitars umsagnar veiðimálastjóra sem lögboðins umsagnaraðila vegna matsskyldra framkvæmda við ár og vötn.
- Í einstaka tilfellum hefur veiðimálastjóri leitað til Veiðimálastofnunar, þegar hann telur að hún búi yfir sérstakri þekkingu, sem er til vill geri frekari rannsóknir óþarfar.
- Veiðimálastjóri gefur síðan umsögn, sem felur í sér endanlegt svar varðandi framkvæmdina eða mælir með því að rannsókn (umhverfismat) fari fram.
- Séu rannsóknir nauðsynlegar leitars framkvæmdaaðili til rannsóknaraðila, sem oft er Veiðimálastofnun, og greiðir fyrir viðkomandi úttekt (Aðila er væntanlega frjálst að leita annað).
- Framkvæmdaaðili birtir síðan matsskýrslu, sem tekur mið af umsögn veiðimálastjóra og úttektum rannsóknaraðila, hafi þær verið nauðsynlegar.
- Frummatskýrsla fer síðan til Skipulagsstofnunar, sem sendir hana til umsagnar til lögbundinna umsagnaraðila m.a. til embættis veiðimálastjóra, sem kannar hvort tillit hafi verið tekið til fyrri ábendinga.

Að mati embættisins hefur þessi ferill reynst vel og ekki verið rengt að hann sé í fullu samræmi við stjórnsýslu- og samkeppnislög.

Veiðieftirlit


Í samræmi við lög um lax- og silungsveiði er veiðieftirlit hér á landi tvískipt. Þannig ber veiðifélögum að kosta veiðieftirlit á sínu umráðasvæði en hið opinbera kostar eftirlit með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt og farið sé að lögum og reglugerðum varðandi veiðar á silungi við strendur landsins. Veiðimálastjóri skipar eftirlitsmenn og veitir þeim fagleg fyrirmæli í erindisbréfi. Samvinna eftirlitsmanna við lögreglu og sýslumann í sínu héraði er hinsvegar mjög mikil, enda eru brot á lögum kærð til sýslumannsembættanna.

Sumarið 1999 störfuðu 2 eftirlitsmenn á vegum embættis veiðimálastjóra, sem sinntu veiðieftirliti á landsvísu og fóru víða um land til að meta ástand í sjávarveiði með ströndinni og aðstoða eftirlitsmenn veiðifélaga eftir fongum. Auk þessa var veittur nokkur fjárhagslegur stuðningur til að sinna eftirliti með sjávarlögnum til veiðifélaga á vatnasvæði Ölfusár, Hvítár í Borgarfirði, umráðasvæði veiðifélaga í Húnavatnssýslum, í Skagafirði, við Skjálfanda og í Vopnafirði.

Með eflingu veiðieftirlits við strendur landsins á liðnum áratug hefur ýmislegt áunnist og í sumum landshlutum virðast vera minni brögð að því að lögð séu sérstök net til veiða á laxi í sjó. Í öðrum landshlutum, einkum norðanlands, eru enn nokkur brögð að þessu og ljóst er að á því svæði er þó nokkur laxveiði í lögleg silunganet, sem ætluð eru til bleikjuveiði. Verður vart við þessu brugðist nema með því að

takmarka bleikjuveiði þegar laxgengd er mest en fyrir því eru heimildir samkvæmt 14. grein laga nr 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Þar sem mikil óvissa ríkir um réttarstöðu silungsneti við strendur landsins og lögboðin veiðiskráning sjáldnast fyrir hendi, hafa eftirlitsmenn embættis veiðimálastjóra hafið skráningu og staðsetningarákvörðun (GPS) á löglegum sjávarlögnum umhverfis landið. Mikið hefur verið skráð á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi en enn er mikið verk óunnið á Norðausturlandi og Austfjörðum. Mynd 4 sýnir netalagnir við strendur landsins, sem veiðieftirlitsmenn embættisins hafa skráð undanfarin 2 ár. Skráðar hafa verið yfir 200 netalagnir við strönd landsins, flestar löglegar en einnig nokkrar ólöglegar, flestar ætlaðar til bleikjuveiði. Haldið verður áfram skráningu á norður- og austurlandi uns fengist hefur heildarmynd af ástandinu umhverfis landið.



Mynd 4. Skráðar hafa verið yfir 200 netalagnir við ströndlandsins bæði löglegar og ólöglegar, flestar ætlaðar til bleikjuveiði.

Þegar veiðifélögum var gert skylt að sinna veiðieftirliti á eigin umráðasvæði með lagabreytingu árið 1994, kom upp óvissa varðandi framkvæmd eftirlits með netaveiði á laxi í ám, þar sem netaveiðihagsmunir eru miklir. Í þennan flokk falla margar jökulár landsins svo sem Þjórsá, Ölfusá-Hvítá, Hvítá í Borgarfirði og Héraðsvötn svo dæmi séu tekin. Komuð hefur á daginn að veiðifélög hafa kostað veiðieftirlit á flestum þessara staða, þó í mismiklum mæli sé. Þannig hefur eftirlit við Hvítá í Borgarfirði og á Ölfusár-Hvítársvæðinu verið nokkuð öflugt, mun minna í umfangi við Héraðsvötn og nánast ekkert við Þjórsá. Við þetta bætist nokkur tortryggni stangaveiðimanna á þessum svæðum gagnvart veiðieftirlitsmanni, sem kostaður er af veiðifélaginu á staðnum.

Sumarið 1999 hljóp Hagajökull fram í Hagavatn og olli verulegu mori í Hvítá og Ölfusá í Árnessýslu. Lax tafðist verulega í göngu upp árnar og gekk seint og illa upp í bergvatnsárnar, þar sem stangaveiðimenn biðu óþreyjufullir eftir laxagöngum. Svo fór að stangaveiðimenn kenndu netaveiði í jökulvatninu um laxapurðina og spunnust í því sambandi nokkur blaðaskrif. Í lok veiðitíma var landbúnaðarráðherra afhentur undirskriftalisti fjölmargra stangaveiðimanna, sem hörmuðu meint framferði netaveiðibænda.

Í lok júlí fór veiðieftirlitsmaður veiðimálastjóra ásamt veiðieftirlitsmanni í Árnessýslu um vatnasvæði Ölfusár og gerði úttekt á ástandi svæðisins. Úttektin leiddi í ljós, að mun færri net voru lögð í árnar heldur en heimilt var, bæði vegna straumpunga og breyttra aðstæðna vegna hlaupsins. Veiði hafði verið ágæt í sumar lagnir, sem bætti þó ekki upp mjög rýra veiði í aðrar vegna áhrifa frá hlaupinu. Ljóst þótti að laxinn hefði tafist verulega vegna hlaupsins eins og gerst hafði áður við svipaðar aðstæður og höfðu menn verulegar áhyggjur af áhrifum þessa atburðar á hrygningu og afkomu seiða á vatnasvæðinu. Þegar leið á ágústmánuð dró verulega úr áhrifum hlaupsins í jökulvatninu og lifnaði þá veiði í bergvatnsánum verulega.

Slíkir hagsmunaárekstrar milli stangaveiðimanna annarsvegar og netaveiðibænda hinsvegar hafa farið vaxandi hin síðari ár og það virðist gerast í réttu hlutfalli við aukningu í fjölda þeirra veiðimanna, sem eingöngu stunda veiði á flugu og sleppa í mörgum tilfellum fiskinum aftur í ána. Hér er um ákveðna umhverfisstefnu að ræða og þessir stangaveiðimenn telja netaveiðar óviðeigandi á tímum þegar margir stofnar laxfiska eiga undir högg að sækja á heimsvísu. Í þessu sambandi breytir það litlu, þótt netaveiðin sé í fullu samræmi við gildandi lög og fyrir liggir að viðkomandi laxastofn verði ekki fullnýttur nema með netaveiði.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að hið opinbera veiti eftirlitsmönnum á heimaslóð verulegan stuðning, þannig að gagnrýnisróddum gefist ekki færi á að draga úr trúverðugleika þeirra manna sem vinna sitt starf af fullum heilindum. Að þessu verður stefnt við skipulagningu eftirlits sumarið 2000 og einnig leitast við að auka eftirlit með netaveiðum í jökulám, þar sem veiðifélög hafa ekki haft vilja eða burði til að koma á eftirliti.



Króknet við Ferjukot í Hvítá í Borgarfirði 1950. (Ljósma.: Þór Guðjónsson)

Á eftirlitsferðum sínum um landið höfðu eftirlitsmenn veiðimálastjóra samband við flesta starfandi veiðieftirlitsmenn og veitti þeim fræðslu og stuðning varðandi framkvæmd eftirlitsins. Reikna má með að slík samskipti skili verulegum árangri í framtíðinni, einkum ef eftirlitsmenn á landsbyggðinni starfa samfleytt í nokkur sumur. Einnig ræddi eftirlitsmaður embættisins við sveitarstjóra og aðra opinbera aðila í þéttbýliskjörnum til að kanna ástand í netaveiðimálum, vekja athygli á ákvæðum laxveiðilaganna og túlkun á þeim. Leiddi sú úttekt í ljós að víða var pottur brotinn og ekki vanþörf á endurbótum. Vakti eftirlitsmaður athygli á því sem betur mætti fara og verður málinu fylgt frekar eftir sumarið 2000.

Auk veiðieftirlits hefur eftirlitsmönnum almennt verið falið að fylgjast með því að ákvæði reglugerða í veiðimálum séu haldin, ekki síst varðandi fiskflutninga, umhverfisáhrif fiskeldisstarfsemi og malartekju í árfarvegum, sem í vaxandi mæli kemur til kasta embættisins. Ýmislegt annað mætti ræða varðandi veiðieftirlit á árinu 1999 en hér verður látið staðar númið.

Flutningar á hafbeitarfiski

Á árinu 1999 var unnið út frá nýjum lagaákvæðum varðandi flutninga á hafbeitarfiski til veiða í laxlausum ám. Þessi ákvæði voru lögfest með lagabreytingu í júní 1998 (lög nr. nr.50 1998). Samkvæmt lögnum eru allir slíkir flutningar óheimilir og háðir skilyrtri undanþágu, sem veiðimálastjóri getur veitt til allt að tveggja ára. Umsóknir og ákvarðanir ber að auglýsa opinberlega og leita eftir umsögnum fag- og hagsmunaaðila. Ákvörðun veiðimálastjóra má síðan kæra til æðra stjórnsýslustigs, sem í þessu tilfelli er landbúnaðarráðuneyti. Umsóknarferlið frá því að umsókn berst og þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir getur því tekið allt að 6 mánuði, ef ákvörðunin fer á æðsta stjórnsýslustig.

Á árinu bárust tvö erindi um flutning á hafbeitarfiski, annarsvegar í Norðlingafljót en þangað hafði verið fluttur fiskur til veiði allt frá 1991 en hinsvegar í Helliásá á Síðu en þangað hafði verið fluttur lax í 4 ár. Bæði erindin voru auglýst í Lögbirtingablaði eins og lög gera ráð fyrir og leitað umsagnar hagsmunaaðila í nágrenni sleppistaðar.



Hafbeitarlax í Lárós merktur fyrir flutning sumarið 1997. (Ljós. Sumarliði Óskarsson)

Athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum í Borgarfirði vegna Norðlingafljóts og veiðifélögum á Skaftárvæðinu vegna Hellisár, þar sem lagst var alfarið gegn flutningi. Umsagna var leitað, annars vegar hjá Dýralækni Fisksjúkdóma og Fisksjúkdómanefnd, varðandi sjúkdómahættu og hjá Veiðimálastofnun varðandi erfðablöndun og vistfræðilega þætti. Fisksjúkdómaáðilar töldu ásættanlegt að heimila skilyrtan flutning en Veiðimálastofnun taldi of mikla áhættu tekna með því að heimila flutninginn.

Embætti veiðimálastjóra tók ákvörðun um að heimila flutning til tveggja ára á báðum stöðum og var ákvörðunin auglýst í Lögbirtingablaði. Ákvörðunin byggði á því að sjúkdómahætta væri í lágmarki eins og fram hefði komið hjá fisksjúkdómaáðilum og ekki hefði verið sýnt fram á að önnur áhrif yrðu merkanleg á svo stuttum tíma enda hafði merktur lax úr sleppingum mjög lítið komið fram í öðrum ám á svæðinu.


Eins og heimilt er samkvæmt lögum var ákvörðun veiðimálastjóra kærð til æðra stjórnáslustigs af ýmsum veiðiréttareigendum í Borgarfirði og hagsmunaaðilum á Skaftárvæðinu. Landbúnaðarráðherra kvað upp endanlegan úrskurð í þessum málum á vordögum 1999. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að heimila flutninga á hafbeitarlaxi sumarið 1999 í Norðlingafljót með þeim skilyrðum, sem veiðimálastjóri hafði sett, en því til viðbótar var þess krafist að gerðar yrðu viðamiklar rannsóknir varðandi framleiðslu og fiskgengd í Norðlingafljót, m.a. um laxastiga. Ákvörðun veiðimálastjóra varðandi flutning hafbeitarlaxa í Hellisá var hinsvegar felld úr gildi og þangað var ekki fluttur fiskur sumarið 1999.

Heimasíða embættisins

Í ársbyrjun 1999 var opnuð heimasíða stjórnásluaðila í veiðimálum á slóðinni www.veidimalastjori.is. Á síðunni eru veittar ýmsar upplýsingar um starfsemi embættis veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og Fiskræktarsjóðs og almennur fróðleikur varðandi helstu hagsmunaaðila í veiðimálum. Helstu þættir, sem fram koma á heimasíðunni eru sem hér segir:

- Lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum á íslensku og ensku. Hægt er að fá aðgang að einstaka köflum laganna til útprentunar.
- Útgefnar reglugerðir í veiðimálum, sem enn eru í gildi.
- Listi yfir veiðifélög, samþykktir þeirra og arðskrár, sem geymdar eru í gagnabanka embættisins.
- Fiskræktaráætlanir - umsóknareyðublöð og upplýsingar.
- Fiskeldi og hafbeit - umsóknarferill varðandi fiskeldisstarfsemi.
- Fiskeldi og hafbeit – framleiðsla fyrri ára og eyðublöð varðandi eldisframleiðslu.
- Framkvæmdir við ár og vötn – umsóknareyðublöð og upplýsingar.
- Veiðieftirlit – helstu lagaákvæði og nöfn eftirlitsmanna veiðimálastjóra vegna eftirlits með veiði laxfiska í sjó.
- Nýjustu fréttabréf embættis veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og Fiskræktarsjóðs.

Geymslurými heimasíðunnar er ekki nægilega öflugt til að geyma afrit af samþykktum og arðskrár veiðifélaga en hægt er að fá afrit af þessum gögnum úr gagnabanka embættisins.



Heimasíða veiðimalastjóra www.veidimalastjori.is

Gagnabanki í veiðimálum

Með tilkomu öflugs tölvubúnaðar hafa opnast möguleikar á að geyma óhemju mikið af gögnum í tölvubanka. Veiðimalastjóraembættið hefur unnið að því að setja upp slíkan gagnabanka, sem næði til sem flestra þátta sem snerts veiðimál. Slíkt er mjög mikilvægt, þar sem góð stjórnsýsla byggir á fullnægjandi upplýsingum.

Mikið af þeim upplýsingum, sem í slíkum gagnabanka er að finna, eru mjög mikilvægar fyrir hagsmunaaðila í veiðimálum og hefur því verið tekin upp samvinna við lands samband veiðifélaga um uppsetningu gagnagrunnsins og munu þeir hafa fullt aðgengi að ýmsum grunnupplýsingum gagnabankans. Uppfærsla efnis mun hinsvegar verða alfarið í verkahring veiðimalastjóraembættisins.

Helstu gögn, sem geymd verða í gagnabankanum eru sem hér segir:

- Fjöldi og staðsetning löggiltra veiðifélaga og félagssvæði þeirra.
- Samþykktir veiðifélaga frá ýmsum tímum.
- Arðskrár veiðifélaga frá ýmsum tímum.
- Löglegar laxalagnir í fersku vatni – fjöldi og staðsetning.
- Eldis- og hafbeitarstöðvar – fjöldi og staðsetning.
- Fiskvegir hér á landi – fjöldi og staðsetning.
- Skráð lax- og silungsveiði í ám og vötnum.
- Skráð eldisframleiðsla.
- Starfs- og rekstrarleyfi fiskeldis- og hafbeitarstöðva.
- Ljósmyndir í veiðimálum frá ýmsum tímum.
- Önnur mikilvæg gögn í tölvutæku formi.

Á árinu 1999 var unnið að því að skipuleggja uppsetningu gagnabankans miðað við tiltæka tölvutækni. Einnig er uppsetning á samþykktum og arðskrár veiðifélaga langt komin. Heimasíða og gagnabanki eru í raun nátengd og á heimasíðu má finna lista yfir starfandi veiðifélög og samsvarandi staðfestar samþykktir. Á yfirstandandi ári verður lögð áhersla á að koma sem mestu af tiltæku efni inn á gagnabankann og tengja það landfræðilegum gagnagrunni. Lykilupplýsingar verða þá mun aðgengilegri fyrir stjórnsýslu í veiðimálum, sem eykur möguleika á að veita haldgóðar upplýsingar til hagsmunaaðila.

Veiðimálanefnd / Fiskræktarsjóður

Starfstíma veiðimálanefndar lauk um mitt ár og ný nefnd tók við í október. Í nýrri veiðimálanefnd sitja eftirtaldir aðilar:

Óðinn Elísson hdl. formaður (fulltrúi landbúnaðarráðherra)
 Benedikt Kristjánsson húsasmiður (tilnefndur af LFH)
 Ketill Ágústsson bóndi (tilnefndur af LV)
 Rafn Benediktsson (tilnefndur af LV)
 Kristján Guðjónsson (tilnefndur af LS)

Veiðimálanefnd hélt 3 fundi á árinu, þar af 2 á fyrri hluta ársins. Var þar fjallað um margvísleg verkefni, sem nefndinni eru falin samkvæmt lögum. Þar eru í meiri hluta ákvarðanir um löggildingu samþykktu fyrir ný veiðifélög og varðandi breytingar á eldri samþykktum. Veiðimálanefnd myndar einnig stjórn Fiskræktarsjóðs, sem veitir árlega styrki til verkefna sem þjóna heildarhagsmunum veiðimála. Á fyrri hluta árs 1999 var úthlutað styrkjum til verkefna eins og fram kemur í töflu 3.

Styrkþegi	Upphæð styrks, þúsundir króna	Verkefni
Veiðimálastofnun	9800	Rannsóknir í veiðimálum
Félag um uppkaupt laxaneta í sjó	2000	Uppkaup á laxalögnum í sjó
Norður Atlantshafssjóðurinn	2000	Uppkaup á laxalögnum í sjó
Embætti veiðimálastjóra og Landssamband veiðifélaga	1500	Gagnagrunnur í veiðimálum
Veiðifélag Selár	300	Gerð veiðivegar
Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts	700	Rannsóknir vegna leyfisveitinga
Veiðifélag Ytri Rangár	100	Merkingar á gönguseiðum
Veiðifélag Hölnár í Bistilfirði	25	Merkingar á gönguseiðum
Samtals styrkveitingar	16425	

Eins og þar kemur fram, hefur verið veitt til margvíslegra verkefna og ber þar hæst ýmiskonar rannsóknarverkefni og kaup á laxalögnum á Vesturlandi.

Tekjur Fiskræktarsjóðs á árinu 1999 voru um 19,4 milljónir, þar af 8,3 milljónir frá rafveitum, 6,4 milljónir frá veiðifélögum og 4,6 milljónir í vaxtatekjum af höfuðstól sjóðsins. Hingað til hafa framleiðendur raforku eingöngu greitt af raforkusölu til almennings og ekkert verið greitt af raforkusölu til stóriðju. Stjórn sjóðsins telur mjög brynt að innheimt sé fiskræktarsjóðsgjald af allri raforkusölu, sem framleidd er með vatnsafl, þar sem stór hluti orkunnar fer á lágu verði til stóriðju, sem einnig er ein meginforsenda fyrir byggingu virkjana og þeim umhverfisáhrifum, sem þær valda á viðkomandi vatnasvæði. Er þess vænst að ákvæði um gjaldtöku til sjóðsins verði endurskoðuð með þetta í huga.

Fiskeldismál

Teknar hafa verið saman tölur um fiskeldi fyrir árið 1998 en embætti veiðimálastjóra ber ábyrgð á söfnun slíkra upplýsinga og heldur um það gagnabanka. Með upplýsingar einstakra eldisfyrirtækja er farið sem trúnaðarmál og eru þær einvörðungu nýttar vegna ákvarðanatöku í stjórnsýslunni, t.d. varðandi leyfisveitingar. Embættið sér einnig um að koma upplýsingum varðandi eldisframleiðslu til FAO og annarra alþjóðastjórnsýslu stofnana. Skýrslur fengust frá 48 aðilum og eru samanteknar tölur sýndar í töflu hér að neðan.

Alls voru starfandi 48 fiskeldisstöðvar, þar af 42 seiða- og eldisstöðvar, 4 tilraunastöðvar og 2 stöðvar í hafbeit.

Til fiskræktar var ráðstafað um 1.036.000 seiðum í öllum stærðarflokkum ásamt um 223.000 kviðpokaseiðum en til hafbeitar um 395.000 gönguseiðum. Grunnupplýsingar varðandi eldisframleiðslu 1998 eru sýndar í töflu 4, en nánari upplýsingar veitir Sumarliði Óskarsson hjá embætti veiðimálastjóra. Auk þeirra tegunda sem sýndar eru í töflunni voru einnig í eldi : Þorskur, Sandhverfa, og Steinbítur. Þessar tegundir komu lítið sem ekkert til slátrunar. Allar þyngdartölur hér að neðan eru umreiknaðar yfir í óslægðan fisk.

Fisktegund	Sala Innan-lands	Sala Erlendis	Heildar-sala
	Tonn*	Tonn*	Tonn*
Eldislax	1328	1414	2742
Hafbeitarlax	9,8	25,8	35,6
Eldisbleikja	124	607	731
Eldisregnbogi	134	238	372

Eldisurriði	2	0	2
Lúða	2	5,7	7,7
Barri	0	12	12
Sæeyra	-	0,6	0,6
Samtals:	1600	2303	3903

* Umreiknað í óslægðann fisk.

Verðmæti eldis- og hafbeitarafurða (Fob verð) árin 1997 og 1998 er eftirfarandi (óslægður fiskur):

Sala árið	Sala innanlands	Sala erlendis	Samtals
	Fob verð	Fob verð	Fob verð
1997	380 millj.	871 millj.	1251 millj.
1998	379 millj.	879 millj.	1258 millj.

Stuðst er við tölur frá Hagstofu Íslands um útflutning á lax og silung ásamt tölum úr framleiðsluskýrslum sem sendar voru til embættis veiðimálastjóra. Gert er ráð fyrir Fob verð sé um 360kr / kg. bæði árin.

Fréttabréf á árinu

Á árinu 1999 voru gefin út tvö fréttabréf. Hið fyrra gefið út í janúar 1999 og var kynning á nýskipan stjórnarsýslu og eftirlits í veiðimálum í kjölfar lagabreytinga sem gengu í gildi í júní 1998. Í mars 1999 var síðan gefið út fréttabréf til kynningar á ákvæðum laxveiðilaganna varðandi fiskræktaráætlanir og leyfi til fiskeldis, fisksjúkdómamál, skrásetningu veiðivatna og heimildir til fiskvegagerðar og framkvæmda við ár og vötn svo nokkuð sé talið. Því má segja að flestum stjórnarsýsluákvæðum laxveiðilaganna hafa verið komið á framfæri í fréttabréfum embættis veiðimálastjóra og veiðimálanefndar en hægt er að nálgast þessi fréttabréf á heimasíðu þessarar aðila, sem er: www.veidimalastjori.is.



Eldiskassar í eldisstöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Elliðaár 1953.
(Ljós. Þór Guðjónsson)

Fundir og ráðstefnur

Embættið hefur sinnt málefnum Laxaverndunar- stofnunarinnar (NASCO) ásamt utanríkisráðuneyti frá stofnun samtakanna 1984. Meginhlutverk þeirrar stofnunar er að stuðla að sjálfbærri nýtingu á laxi í Norður Alantshafi, en áherslur á verndun hafa farið vaxandi vegna bágrar stöðu laxastofna í mörgum löndum. Beiting varúðarreglunnar varðandi veiðistjórnun á laxastofnum hefur fengið vaxandi umfjöllun í starfi stofnunarinnar og ekki síður við skoðun á áhrifum laxeldis á villta laxastofna.

Á árinu 1999 varð sú breyting innan utanríkisráðuneytis að forsjá málaflokksins fluttist frá skrifstofu þjóðréttarfræðings til

auðlindaskrifstofu, sem Eiður Guðnason, sendiherra veitir forstöðu. Embætti veiðimálastjóra sér hinsvegar um faglegar og stjórnsýslulegar tengingar við NASCO í umboði auðlindaskrifstofu.

Í ársbyrjun 1999 sat veiðimálastjóri fund fiskveiðinefnda FAO ásamt fulltrúa NASCO og í byrjun júní ársfund NASCO á Írlandi ásamt Eiði Guðnasyni sendiherra. Í lok september sat veiðimálastjóri ársfund Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), þar sem fram koma nýjungar í rannsóknum og stjórnsýslu varðandi líffræði og veiðistjórnun fiska. Í mars flutti veiðimálastjóri erindi á ársfundi Veiðimálastofnunar og sat aðalfund Landssambands veiðifélaga í byrjun júní og aðalfund Landssambands stangaveiðifélaga í lok október.

VEIÐIMÁL: Fréttabréf veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og Fiskræktarsjóðs. Umbrot og myndir: Sumarliði Óskarsson. Ritstjóri og ábyrgðarmaður Árni Isaksson

Ýmsir fararskjótar í þjónustu veiðimálastjóra



Þarfasti þjónninn notaður við könnun á vatnakerfi Lagarflljóts 1946. Þór Guðjónsson frv. veiðimálastjóri og Einar Þorkelsson stúdent og síðar verkfræðingur eru á myndinni.



Fyrsti bíll veiðimálastjóra ásamt kerru og bát. Myndin er tekin í rannsóknarferð við Meðalfellsvatn um 1950. (Ljós. ÞórGuðjónsson)



Rannsóknir við Vatnsholtsvatn á Snæfellsnesi sumarið 1962.

